



Reykjavík, 15. desember 2021

Yfirlýsing vegna Stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar

Sáttmáli um ríkisstjórnarsamstarf á milli Framsóknarflokks, Sjálfstæðisflokks og Vinstri hreyfingar - græns framboðs hefur verið birtur þar sem kynnt eru þau verkefni sem ríkisstjórnin ætlar að leggja áherslu á á kjörtímabilinu. Til viðbótar hafa ný ráðuneyti verið sett á fót, þ.á.m. vísinda-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið þar sem háskólastigið fellur inn í viðkomandi ráðuneyti. Því ber að fagna að háskólastigið tilheyri sérstöku ráðuneyti með áherslu á nýsköpun, iðnað og vísindi. Við í Landssamtökum íslenskra stúdenta vonum að áhersla verði lögð á gott samstarf¹ á milli stúdenta, ríkisstjórnarinnar og ráðherra um þau málefni sem snerta stúdenta.

Við fögnum að lögð sé áhersla á mikilvægi sí- og endurmenntunar, styrkingu iðn- og verknáms og hvatningu á alþjóðlegu námi og meiri fjölbreytni í skólakerfinu. Til þess að það rætist þarf að gæta jafnræðis með eflingu náms og kennslu á landsbyggðinni jafnt við höfuðborgarsvæðið. Háskólanám á að vera opið öllum, óháð félags- og efnahagslegri stöðu en jafnt aðgengi felst ekki einungis í því að tryggja aðgengi að náminu sjálfu, heldur einnig að tryggja stöðugt aðgengi á meðan námi stendur².

Við fögnum einnig því að jöfn tækifæri allra hafi verið forgangsraðað í stjórnarsáttmála ríkisstjórnar en til þess þarf að tryggja fjármögnun háskólastigsins. Í stjórnarsáttmálanum var minnst á netvæðingu náms en ef það á að rætast þarf að leggja meiri áherslu á rafrænar lausnir og kennsluhætti en gert er núna. Slíkar framfarir eru öllum stúdentum í hag, sérstaklega þeim sem stunda fjarnám eða geta ekki vegna aðstæðna stundað staðnám. Þar má þó ekki gleyma kennslumálum en mikilvægi góðrar kennslu leggur grunninn að góðri háskólamenntun.

¹ [Stefna LíS um samstarf stúdenta og starfsfólks háskóla](#)

² [Stefna Landssamtaka Íslenskra Stúdenta um jafnrétti í íslensku háskólasamfélagi](#)

Víða í stjórnarsáttmálanum er minnst á mikilvægi þess að hugsa um umhverfið³. LÍS fagnar áformum nýrrar ríkisstjórnar um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og markmiði um kolefnishlutleysi og full orkuskipti eigi síðar en árið 2040 en óljóst er hvernig ríkisstjórnin mun framkvæma það og þurfa aðgerðirnar og skrefin sem verða tekin til að ná markmiðunum að vera skýrari. Nauðsynlegt er að leggja fram aðgerðaráætlun sem fyrst með skýrum tímaramma og fjárhagsáætlun.

Margt þarf að bæta en sálfræðimeðferðir eru enn ekki niðurgreiddar og var ein af kröfum stúdenta í alþingiskosningunum 2017 að starfandi væri a.m.k. einn sálfræðingur innan hvers háskóla. Þeirri kröfu hefur enn ekki verið mætt árið 2021 og getur stór hluti stúdenta því enn ekki sótt geðheilbrigðisþjónustu til sinnar háskólastofnunar. Í stjórnarsáttmálanum er ekkert minnst á hvernig komið verður til móts við kröfur stúdenta um hækkun grunnframfærslu og frítekjumarks Menntasjóðs námsmanna. Fjárframlögin til háskólanna eru ennþá ófullnægjandi og taka einungis tillit til fjölgunar stúdenta vegna heimsfaraldursins. Fjárhagslegar hindranir að háskólamenntun og aðgangstakmarkanir eru verulegt áhyggjuefni. LÍS lýsir yfir miklum vonbrigðum á áframhaldandi undirfjármögnun háskólastigsins á Íslandi.

Að lokum lýsum við yfir von um aukið samstarf á milli stúdenta og ríkisstjórnarinnar um hagsmunamál stúdenta en þau tilheyra ekki einungis einu ráðuneyti. Langtíma ávinningur næst með samstarfi og LÍS krefst þess að háskólakerfið fái þá fjárveitingu sem þörf er á.

³ Sjá bls 9

<https://www.stjornarradid.is/library/05-Rikisstjorn/Stjornarsattmali2021.pdf>